



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hof

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	5
4.	Starfspróunarsamtöl.....	7
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	7
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
7.	Foreldrasamstarf	8
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	8
9.	Fylgiskjöl:	9
9.1	Innra mat deilda 2025-2026	9
9.2	Umbótaáætlun sérkennslu árið 2026-2027	11
9.3	Umsögn foreldraráðs.....	13



1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið sem nú er að líða hefur að öllu jöfnu gengið vel hér á Hofi. Við erum ótrúlega heppin með starfsfólk, börn og foreldra og hér í skólanum hefur myndast gott samfélag. Engar breytingar urðu í haust í deildarstjórahópnum en nokkrir nýir starfsmenn bættust við í hópinn í haust og vetur. Það að hafa sömu deildarstjóra áfram gefur öllu starfinu meiri stöðuleika og vetrarstarfið byrjar fyrr en ella. Börnin sem komu í haust voru langflest á fjórða og fimmta ári og það gerir alla aðlögun líka einfaldari. Í vetur höfum við leikið okkur mikið saman bæði úti og inni, búið til öskudagsbúninga, heimsótt fjölmörg fyrirtæki og stofnanir, farið í útinám, heimsótt bókasafnið og nú í lok vetrar er barnamenningarhátíðin mikilvægur þáttur í vetrarstarfinu. Elstu börnin sungu dagskrá eftir Doktor Gunna fyrir fullu húsi í Eldborgarsal Hörpu við mikinn fögnuð foreldra og annarra aðstandenda. Á þessu vori útskrifast 47 börn frá skólanum og er útskriftarferð og útskrift mikil hátíð. Hápunktur skólaársins er 30 ára afmæli skólans en skólinn var opnaður 7. júní 1996. Við höldum veglega upp á afmælið með margvíslegum hætti. Starfsmannahópurinn gerir sér glaðan dag, við bjóðum gestum heim og sumarhátíð foreldrafélagsins verður veglegri í ár en venjulega.

Framtíðin er björt þó leikskólamálin í Laugardalnum gætu verið á betri stað. Við erum enn að fá mikinn fjölda fjögurra og fimm ára barna sem gerir mjög ójafna skiptingu á milli árganga í skólanum. Yngstu börnin eru alltof fá sem verður til þess að þau „bíða“ í öðrum skólum í nágrenninu og eru svo komin jafnvel á fjórða ár þegar þau komast að hér. Systkini fá því miður sjaldnast að vera saman í skólanum.

En við horfum björtum augum til framtíðar, vetrarstarfið næsta vetur verður skipulagt á traustum og góðum grunni með einstaklega góðum og skemmtilegum starfsmannahópi sem hefur mikla reynslu og menntun á sviði leikskólans.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hvað var metið? Grænu skrefin	
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og nefndarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: Vel hefur gengið að minnka pappírnotkun Umbúðir endurnýttar Teiknibækur hafa verið gerðar á öllum deildum. Það er byrjað að gera moltu Tækifæri til umbóta: Að allar deildir taki þátt í moltugerð Taka fyrsta skref Grænu skrefanna fastari tókum

Hvað var metið? Útinám	
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og nefndarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og börn
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: Farið var í margar lærdómsríkar ferðir. Tækifæri til umbóta: Að allar deildir noti nærumhverfi leikskólans meira Nota verkefni og efnivið sem leikskólinn á Nota eldstæðið meira

Hvað var metið? Skapandi starf	
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á deildarfundum, deildarstjórafundum, með barnahópnum í samverustundum og nefndarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og börn
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar: Frjálsum leik og skapandi starfi var gefinn góður tími í daglegu starfi á öllum deildum. Veruleg aukning hefur verið á opnum efnivið í frjálsum leik sem ýtir undir sköpun. Vel gengur að einblína á ferlið en ekki útkomuna í skapandi starfi. Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk taki meiri þátt í frjálsum leik barnanna





Hvað var metið? Leikskólaverkefni

Skóla og frístundasviðs

Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundum og starfsviðtölum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir stjórnendur leikskólans
Helstu niðurstöður mats	Almenn ánægja með fræðsluna sem að kemur til með að nýtast vel í starfinu.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Eftirfarandi umbótaáætlanir eru fyrir skólann í heild. Deildarstjórar aðlaga áætlanirnar fyrir sína árganga og deild.

Skapandi starf – Menntastefna

Reykjavíkur

Umbótaþáttur/matsþáttur	Skapandi starf í leik og útinámi
Tækifæri til umbóta	Auka við skapandi starf í leik og útinámi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna markvisst með flæði í leik með áherslu á skapandi starf. Hafa skapandi efnivið aðgengilegan fyrir börnin. Einblína á ferlið en ekki útkomuna og nota skráningar. Bæta við skapandi og opnum efniviði til að nota í frjálsum leik og skapandi starfi. Hafa stíganda í starfi með tilliti til aldurs barna.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar og skapandistarfsnefnd
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á skipulagsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum, umræður, gátlistar og skráningar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þjóða daglega upp á fjölbreytt skapandi starf Gefa skapandi starfi góðan tíma í dagskipulaginu á hverju degi. Voru verkefni fjölbreytt og aldurssvarandi.





Útinám	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útinám
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Kanna nærumhverfi leikskólans Hver deild eldar reglulega á eldstæðinu úti. Bæta við verkefnum í ferðir þar sem öllum námsviðum leikskólans er fléttað inn í Bæta úrvinnslu eftir ferðir með skráningum Hafa stíganda í starfi með tilliti til aldurs barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota kennsluefni sem skólinn á fyrir útinám Setja upp skipulag fyrir eldstæðið Leggja áherslu á fjölbreytta úrvinnslu ferðanna samdægurs
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar og útikennslunefnd
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á skipulagsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum, umræður, gátlistar og skráningar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allar deildir fari reglulega í ferðir í nærumhverfinu Að allar deildir eldi reglulega á eldstæðinu Að unnið sé með fjölbreytt verkefni úr öllum námsviðum leikskólans Úrvinnsla ferða samdægurs með fjölbreyttum skráningum.

Grænu skrefin	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Grænu skrefin
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Vinna eftir gátlistum borgarinnar um Grænu skrefin
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Minnka pappírnotkun bæði með börnum og starfsfólki. Nýta umbúðir með börnum, gera teiknibækur fyrir öll börn á öllum deildum. Minnka lífrænan úrgang sem fer frá skólanum með því að vigta hann reglulega og skrá. Gera moltu á staðnum með börnunum.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar og Grænskrefanefndin
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Á skipulagsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum, umræður, gátlistar og skráningar.
Viðmið um árangur Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Gátlisti um Grænu skrefin útfylltur Minni úrgangur Molta sem verður til á staðnum.





Samskiptasáttmáli starfsfólks	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samskiptasáttmáli starfsfólks
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Nýr samskiptasáttmáli búinn til.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið verður í hópum á skipulagsdögum. Allt starfsfólk tekur þátt og kemur með sína sýn á hvernig góð samskipti innan vinnustaðarins eigi að vera. Utanaðkomandi fræðsla á skipulagsdegi
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á skipulagsdögum og deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Nýr samskiptasáttmáli starfsfólks tilbúinn vorið 2027

4. Starfsþróunarsamtöl

Allt starfsfólk var boðað í viðtal með fyrirvara og voru ákveðnir punktar lagðar til grundvallar í viðtalinu. Til dæmis var farið yfir þau verkefni sem starfsfólk hefur, samskipti á vinnustað, skipulag og þróun í starfi. Að þessu sinni tóku bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri öll viðtölin saman. Fyrst var öllu deildarstarfsfólki boðið upp á viðtal og eftir það deildarstjórum. Endað var á starfsfólki sem var nýbyrjað og starfsfólki í eldhúsi. Auk þess voru tekin viðtöl við deildarstjóra að hausti og allt starfsfólk fór í viðtal vegna vinnutíma. Þess utan stendur starfsfólki alltaf til boða að fá viðtal við leikskólastjóra eða aðstoðardeildarstjóra óski það þess.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Einn af umbótaþáttum skólans er að endurgera samskiptasáttmála starfsfólks. Áhugi er að finna góðan fyrirlesara til að koma inn á skipulagsdag með erindi inn í þá vinnu. Á skipulagsdegi í maí kom Edda Björgvins og talaði um hómur og gleði, hún gaf hópnum alls kyns hugmyndir og verkefni sem nýtast líka í þessa vinnu. Í starfsmannakönnun sem gerð var í vetur eru líka vísbendingar um að vinnustaðamenningin sé örlítið á niðurleið og er mikilvægt að snúa þeirri þróun við strax. Hugsanlega verður farið í einhverja vinnu tengt því markmiði. Á næsta skólaári er líka mikilvægt að klára að endurgera námskrá skólans, hún hefur verið í vinnslu í langan tíma og því nauðsynlegt að ljúka henni á árinu. Í haust fáum við fyrirlestur um matarsóun frá starfsmanni Umhverfis- og Orkustofnunar. Hugmyndir eru um að virkja starfsfólk betur og huga að jafningjafræðslu innan skólans en eins og áður hefur komið fram er stór hluti starfsmannahópsins með leyfisbréf, í námi eða með aðra menntun sem nýtist vel hér í starfi.

Einnig er farið að huga að næstu námsferð sem gæti orðið haustið 2027, skipulagning er þó ekki komin af stað.





6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skipulagið fyrir samstarfið í skólana í hverfinu hefur verið nánast óbreytt í nokkur ár og gengið mjög vel. Mikill vilji er hjá öllum að það gangi sem allra best.

Nóvember: Nemendur 5. bekkjar í Laugarnesskóla koma í heimsókn í Hof í tveimur hópum og lesa fyrir börnin.

Nóvember: Elstu börnin í Hofi fara í heimsókn á bókasafnið í Laugarnesskóla. Deildarstjórar hafa samband við starfsfólk bókasafnsins til að ákveða tíma.

Janúar: 1. bekkur í Laugarnesskóla kemur í heimsókn í Hof.

Janúar/Febrúar: Flakkarar heimsækja stjórnendur laugarnesskóla og fara í skoðunarferð um skólann. Deildarstjórar Flakkara bóka tíma hjá skólastóra.

Mars: Flakkarar heimsækja 1. bekk í Laugarnesskóla og taka þátt í skóladeginum með þeim.

Apríl: Samráðsfundur með fulltrúum frá Hofi, Laugarnesskóla, Laugarlækjarskóla, Laugasól og Laugaseli vegna Gleðigöngunnar.

Apríl/Maí: Kynning fyrir Hof á starfi Laugasels og heimsókn þangað.

Maí: Gleðiganga Hofs, Laugasólar, 1. og 2. bekkjar Laugarnesskóla og 7. bekkjar Laugarlækjarskóla.

7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð var kosið í upphafi skólaársins, hópurinn er í tölvupóstsamskiptum og hefur einnig fundað með leikskólastjóra. Foreldraráð les yfir starfsáætlun, fylgist með helstu framkvæmdum og hefur gott aðgengi að stjórnendum ef þörf er á.

Foreldrafundir eru að hausti, auglýstir fyrir hvern árgang fyrir sig í lok skóladags. Þar er vetrarstarfið kynnt, stjórnendur fara yfir sögu og áherslur skólans og foreldrar hafa tækifæri til að koma með spurningar og létt spjall er í lokin.

Foreldraviðtöl eru að hausti og aftur að vori. Deildarstjórar taka öll viðtöl og kalla til sérkennslustjóra ef þurfa þykir. Í lokaviðtali í maí við foreldra elstu barnanna eru börnin með í viðtalinu en meginmarkmið þess viðtals er að fylla út upplýsingar fyrir grunnskólann.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, sá hópur fundar reglulega og er að auki í samskiptum á samfélagsmiðlum. Helstu verkefni félagsins er að sjá um dagskrá sem snýr að börnunum, s.s. sumarhátíð, jólaundirbúningi og fleira í þeim dúr.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skóladagatalið er fylgiskjal með áætluninni en skipulagsdagar skólaársins verða þessir:

24.ágúst 2026, sameiginlegur með Laugasól, skólasetning í grunnskólunum. Helstu verkefni er kynning á áherslum skólaársins, starfsáætlun og hugmyndafræði skólans. Fyrirlestur um matarsóun. Undirbúningur flutninga barna á milli deilda og aðlögun.

27.október, sameiginlegur með öllum skólum hverfisins. Helstu verkefni eru starfsmannafundur, námskrárvinna og deildarfundir/árgangafundir. Grænskrefin skoðuð sérstaklega.

27.nóvember, sameiginlegur með öllum skólum hverfisins. Helstu verkefni eru starfsmannafundur, námskrárvinna og hópefli. Skapandi starf skoðað sérstaklega.





24. febrúar, sameiginlegur með Laugasól. Helstu verkefni eru starfsmannafundir, deildarfundir/árgangafundir og fræðsla vegna samskiptasáttmála. Útinám skoðað sérstaklega

27. apríl, sameiginlegur með öllum skólum Reykjavíkur. Menntastefnumót, skipulagt af Skóla- og frístundasviði

28.maí, sameiginlegur með Laugasól. Starfsmannfundur, úrvinnsla eftir veturinn, endurmat, hópefli.

9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat deilda 2025-2026

Deild sérkennslu

Umbótapáttur: Aðgerðaráætlun í kjölfar málþroskamats og skimana

Styrkleikar:

- Útbúnar voru stuðningsáætlanir fyrir öll börnin.
- Ekki náðist að uppfæra stuðningsáætlanir eins oft og stefnt var að.
- Vinnustundir skráðar
- Framfarir voru á skimunum
- Búnir voru til málörvunarhópar

Tækifæri til umbóta:

- Hafa stuðningsáætlanir tilbúnar fyrr á skólaárinu
- Meira samstarf milli sérkennslu og deilda í gerð stuðningsáætlana

Umbótapáttur: Innleiðing á Fjólubláumöppunni

Styrkleikar:

- Allar upplýsingar um það hvernig unnið er með börn á 1. Stigi í leikskólanum á einum stað.
- Auðvelt að byrja að vinna með barn á 1. Stigi þar sem öll eyðublöð/gögn eru í möppunni.
- Mappan er orðinn hluti af verklagi leikskólans.

Tækifæri til umbóta:

- Haldið verður áfram að kynna Fjólubláu möppuna fyrir nýju starfsfólk og uppfæra hana eftir þörfum.

Flakkarar (árgangur 2020)

Umbótapáttur: Samvinna á milli deilda

Styrkleikar:

- Teymisvinnan gekk mjög vel og gott og skilvirkt upplýsingaflæði var á milli deilda sem var í formi reglulegs samtals milli starfsmanna, skipulagsfunda og örfunda.
- Úrvinnsla úr ferðum var samræmd og ánægja með úrvinnslubækur bæði meðal barna og starfsmann

Tækifæri til umbóta:

- Gott að halda áfram á sömu braut





Umbótapáttur: Skapandi starf

Styrkleikar:

- Börnin fengu gott aðgengi að skapandi og opnum efniviði og kynntust fjölbreyttum leiðum í sköpunar. Þau fengu gott rými til framhaldsvinnu og aðstöðu til að geyma verkefni. Dótalausir dagar voru á vorönn þeir voru vel heppnaðir þar sem mikil sköpun kom fram.

Tækifæri til umbóta:

- Gott að halda áfram á sömu braut en má bæta enn við efnivið. Þannig teljum við að skapandi hugsun komi betur fram í öllum aðstæðum og að leikurinn verði þróaðri og meira skapandi.

Könnuðir (árgangur 2021)

Umbótapáttur: Samvinna milli deilda

Styrkleikar:

- Samvinna milli deilda hefur tekið miklum jákvæðum breytingum. Hún var sett í forgang og hafa allir lagt sig fram um að eiga samtöl og sameiginlega aðkomu að verkefnum árgangsins. Deildirnar hafa skipulagt saman vikulegar ferðir og unnið úr þeim á sambærilegan hátt.

Tækifæri til umbóta:

- Enn vantar aðeins upp á undirbúning og samræmingu á milli deilda varðandi útífatnað og heildarskipulag ferða. Til að allt ferlið myndi ganga betur væri gott að hafa reglulega örfundi yfir veturinn alltaf á sama tíma. Þá væri hægt að gera ráð fyrir þeim í vikuskipulaginu og þá væru þeir líklegri til að festa sig í sessi.

Umbótapáttur: Skapandi starf

Styrkleikar:

- Skapandi starf fékk mikið rými í dagskipulagi leikskólans og inni á hverri deild er nú góður aðgangur að skapandi efnivið sem börnin sækja mikið í. Börnin kynntust fjölbreyttari leiðum í sköpun og gátu þróað verkefnið yfir vikuna.

Tækifæri til umbóta:

- Gott væri að bæta við mjúkum efnivið, t.d. sandleir, efnisbútum og ull.
- Börnin fengu færri tækifæri til að nýta myndavélarnar en stóðu til og ekki var sett upp sýning á verkum þeirra.

Bláadeild (árgangar 2022,2023,2024)

Umbótapáttur: Skráning á Gefðu 10

Styrkleikar:

- Mismunandi leiðir voru prófaðar til að styðja við skráningar en skiluðu ekki árangri
- Þrátt fyrir litlar skráningar gekk málörvun vel í daglegu starfi.

Veikleikar:

- Ekki náðist að skrá eins og til stóð
- Þarf að móta skýrari verkferla

Umbótapáttur: Skipulagðara starf með Lubbastundir og almenna málörvun

Styrkleikar:

- Lubbastundirnar gengu yfirhöfuð mjög vel og það reyndist vel að hafa þær bæði sameiginlega og einnig aldursskiptar þar sem þrír árgangar voru saman á deildinni.





- Það hjálpar að allar deildir leikskólans fylgja eftir ákveðnu plani.
- Lubbatengt efni var sýnilegt á deildinni

Tækifæri til umbóta:

- Hefði verið betra að hafa fastan tíma fyrir Lubbastund í viku hverri.
- Ekki var valinn Lubbastjóri en ákveðinn starfsmaður tók engu að síður að sér að sjá um skipulag og framkvæmd Lubbastundanna.

9.2 Umbótaáætlun sérkennslu árið 2026-2027

Deild sérkennslu	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aðgerðaráætlun í kjölfar málþroskamats og skimana
Tækifæri til umbóta	Búa til stuðningsáætlun út frá niðurstöðum málþroskamats (börn sem fá málþroskatölu undir 85) Búa til málörvunarhópa.
Aðgerðir til umbóta	Deildarstjórar og sérkennslustjórar framkvæma skimanir og deildarstjórar skila niðurstöðum til foreldra. Talmeinafræðingur framkvæmir málþroskamat og skilar niðurstöðum til foreldra og deildarstjóra Deildarstjórar og sérkennslustjórar bera ábyrgð á það útbúa stuðningsáætlanir og setja börn í hópa. Allt starfsfólk deilda vinnur eftir skipulaginu ásamt sérkennslustjórum og starfsfólki Snorra Skráning á vinnustundum.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar og deildarstjórar bera ábyrgð. Allt starfsfólk deilda ásamt sérkennslustjórum og starfsfólki Snorra koma að framkvæmd
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Öllum gögnum safnað (stuðningsáætlanir, málþroskamat, skimanir og aðrar skráningar) og út frá því metið hvernig gekk.
Viðmið um árangur	Var stuðningsáætlun útbúin fyrir hvert barn. Voru stuðningsáætlanir uppfærðar reglulega Voru vinnustundir skráðar Urðu framfarir á skimunum





F.h. leikskólans Hofs

29. maí 2026

Særún Ármannsdóttir, leikskólastjóri





9.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Hof

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Kristín Einarsdóttir

Aldís Garðarsdóttir

Karen Pálsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð Leikskólans Hofs hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir komandi skólaár og lýsir ánægju með skýrar áherslur og faglega framsetningu. Ráðið telur að áætlunin endurspegli vel þá stefnu sem Hof hefur markað sér og styðji áframhaldandi uppbyggingu á öflugu og hlýlegu skólasamfélagi.

Foreldraráð vill sérstaklega hrósa starfsfólki Hofs og stjórnendum leikskólans fyrir fagmennsku, jákvætt viðmót og stöðuga umhyggju fyrir börnunum. Ráðið finnur skýrt að starfsfólk vinnur af einlægni og metnaði og að góð samskipti, traust og virðing einkenna daglegt starf leikskólans.

Ráðið fagnar einnig áherslu á útinám sem lykilþátt í námi og vellíðan barna. Í starfsáætlun kemur fram markviss sýn á hvernig náttúran er nýtt sem náms- og leiksvæði, og telur foreldraráð að sú nálgun styrki bæði sjálfstæði, hreyfiproska og gleði barnanna.

Áhersla á sköpun með áherslu á frjálsan leik er einnig afar jákvæð. Foreldraráð sér að börnum gefst rými til að prófa sig áfram, skapa, uppgötva og læra á eigin forsendum. Slík nálgun styður við sjálfstraust og frumkvæði barna, eykur félagsfærni og samskiptahæfni.

Foreldraráði þykir gott að sjá að skólinn hafi sett sér það markmið í starfsáætluninni að ljúka endurgerð námskrár á næsta vetri.

Foreldraráð Leikskólans Hofs lýsir yfir trausti á faglegri forystu leikskólans og hlakkar til áframhaldandi samstarfs á komandi skólaári.

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?





Fulltrúar í foreldraráði:

Aldís Garðarsdóttir

Anna Kristín Einarsdóttir

Karen Pálsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Aldís Garðarsdóttir

Anna Kristín Einarsdóttir

Karen Pálsdóttir



